

af stiptsyfirvöldunum á Íslandi; skal það falið þeim, er prófar, og prófdómendunum, að ráðstafa öðru því, er prófið snertir.

1863.

4. maím.

30. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um borgun fyrir kláðalyf.

6. maím.

Í bréfi 13. d. f. m. hafið þér, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að haustið 1861 hafi verið fyrirskipað almenn böðun fjárins hvervetna í Kjósar sýslu og í nokkrum hluta Gullbringu sýslu, og hafi lyfsalinn í Reykjavík látið af hendi böðunarlyf þau, sem á þurfti að halda, en hann hafi eigi viljað lána þau, nema amtið ábyrgðist, að þau yrðu borguð þá á næsta hausti. En þaræð enganveginn allir þeir, er lyf höfðu fengið, þó til þess væru kvaddir, komu með borgunina á tilteknum tíma, heimtaði lyfsalinn að þér, herra stiptamtmaður, til bráðabirgða skylduð borga það, er eptir stæði af skuldunum; og með því þér höfðuð mælt til þess við hann, að hann liði menn um borgunina fyrir böðunarlyfin, og veitt honum ádrátt um, að þau mundu verða borguð á þeim tíma, sem að ofan er getið, þá fannst yður þér verða að gjöra svo, sem hann krafðist, á þann hátt, að þér ávísuðuð honum 300 ríkisdali úr jarðabókarsjóðnum, er þér ekki gátuð greitt fè þetta úr jafnaðarsjóðnum. Eptir því, sem þér segið, má nú að vísu við því búast, að mikill hluti af fè þessu muni fást borgað í sumar, sem nú fer í hönd, en þó haldið þér, að nokkrir skuldunautar muni verða þeir, er eigi geti borgað, og þaræð þeim einnig flestum muni veita ervitt að greiða hverjum sinn part af skuldinni, er þeir beri þungar menjar hins síðasta harða vetrar, þá hafið þér skotið til dómsmálastjórnarinnar, hvort henni eigi virðist vera ástæða til, að hið opinbera gefi upp þessa 300 rdl. þannig, að þeir verði borgaðir af þeim 4000 ríkisdöllum, sem árlega eru ætlaðir í fjárlöggunum til óvissra gjalda handa Íslandi.

Í þessu efni lætur dómsmálastjórnin yður vita, að ef það hefir eigi þegar gjört verið, ber að tilfæra þá 300 rdl., sem að ofan er um rætt, með þeim gjöldum, sem greidd eru af því

1863.
6. maím.

fè, sem talið er í 9 gr. G. c. í fjárlögunum fyrir árið 1862—63, og telja þá sem bráðabirgðarlán til suðurumdæmisins vegna ráðstafana þeirra, sem gjörðar hafa verið sökum fjárkláðans; en stjórnarráðið vonast eptir, að þær annist um, að hlutaðeigendur borgi fè þetta aptur og að jarðabókarsjóðurinn fái það þannig endurgoldið, og býst við að fá frá yður með síðasta pósti þetta árið skýrslu um, hversu mikið þá verði búið að borga.

6. maím.

31. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um alþingissetu Þorsteins kanselráðs Jónssonar, sýslumanns í Þingeyjarsýslu.

Í bréfi, er stjórnarráðinu hefir borizt, og dagsett er 17. febrúarm. þ. á., hefir Þorsteinn kanselráð Jónsson, sýslumaður í Þingeyjarsýslu, skýrt frá, að hann, ef hann geti komið því við, ætli að vera á alþingi því, er nú fer í hönd, sem konungkjörinn þingmaður, og því næst spurt um, hvort amtmaður eigi ekki ef til þess komi, án þess hann skerist neitt í það mál, að skipa einhvern mann til uppá eigin ábyrgð að gegna embættinu á meðan, án þess hann sjálfur missi nokkurs í við það af embættistekjum sínum.

Útaf þessu biður dómsmálastjórnin yður, herra amtmaður, að kunngjöra áður greindum embættismanni, og um leið senda honum aptur meðfylgjandi fylgiskjal, að hann verði að hlutast til um við amtið, að skipaður verði uppá hans kostnað og ábyrgð hæfur maður til þess að gegna embætti hans meðan hann er fjærverandi á alþingi.

6. maím.

32. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um tíund af eign fátækra í Dísastöðum og Fossgerði.

Þegar endurskoðaðir voru reikningarnir yfir konungstíund og